

**Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála
Háskóla Íslands**

**Yfirlit yfir helstu verkefni
þriðja starfsárs 2005**

Efnisyfirlit

	Bls.
Frá formanni stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála	3
Inngangur	4
Samstarfsaðilar og samstarfssamningar	4
Stjórn og forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála	4
Áherslur í starfi – stefna Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála	4
Helstu verkefni á árinu 2005:	5
1. Vefrit um stjórn mála og stjórnsýsla, rannsóknir	5
2. MPA-nám í opinberri stjórnsýsla	5
3. Meistaránám í alþjóðasamskiptum	6
4. Erlent samstarf	6
5. NOPSA – ráðstefna norrænna stjórnsýslufræðinga	7
6. Viðurkenning til sveitarfélaga fyrir umbótastarf	7
7. Samstarf um stjórnsýsluréttarfræðslu	7
8. Opnir viðburðir; stjórnsýsla, alþjóðamál, stjórn málafræði	8
9. Endurmenntun fyrir opinbera starfsmenn ríkis og sveitarfélaga	8
10. Verkefni fyrir stjórn málafræðiskor	8
11. Fjármögnun á starfsemi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála	8
Viðauki I. Yfirlit yfir opna fyrirlestra og málþing ársins 2005	9
Viðauki II. Yfirlit yfir endurmenntunarnámskeið ársins 2005	12

Háskóli Íslands
Reykjavíkurborg
Landspítali – háskólasjúkrahús

Meginmarkmið Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er að efla kennslu og rannsóknir í stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga. Stofnuninni er ennfremur ætlað að vera vettvangur umræðna um stjórn mála, stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri, þar á meðal um hlutverk fjölmiðla og hagsmunahópa í opinberri stefnumörkun.

Frá formanni stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er samstarfsverkefni um betri stjórn mála og stjórnsýslu. Henni er ætlað að leiða saman mismunandi heima fræðanna og hinnar hagnýtu útfærslu.

Stofnunin sinnir í meginatriðum þrenns konar verkefnum. Í fyrsta lagi sinnir hún verkefnum sem hafa að gera með kennslu á fræðasviði stofnunarinnar. Það er einkum gert með stuðningi við MPA nám við Háskóla Íslands en einnig með því að vinna að þróun annars náms, meðal annars í stjórn málafræði, alþjóðastjórn málum, endurmenntun og einstökum námskeiðum fyrir valda hópa. MPA og diplóma námið hafa fest sig í sessi sem góður valkostur fyrir fólk með mikla reynslu og þekkingu á opinberri stjórnsýslu. Sífellt vaxandi samkeppni er hins vegar um nemendur á þessum sviðum. Gera má ráð fyrir að nám sem vill standast samkeppni um nemendur þurfi stöðugt að vera í þróun. Skoða má hvort ástæða sé til að huga að því á næstunni að gera sérstakt átak í málefnum MPA námsins og BA náms í stjórn málafræði til að efla samkeppnisstöðu þeirra.

Annað af meginverkefnum stofnunarinnar tengist ráðstefnum og umræðufundum um stjórnsýslu og stjórn mála. Stofnunin hefur sem fyrr haft sig mjög í frammi á þeim vettvangi og haldið fundi eða ráðstefnur um mörg mikilvæg málefni. Hún hefur náð talsverðum árangri í því ætlunarverki sínu að leiða saman þá sem starfa á vettvangi stjórn mála, stjórnsýslu og fræðilegra rannsókna. Stofnuninni hefur tekist á myndarlegan hátt að koma málefnum stjórnsýslunnar á dagskrá í íslenskri þjóðfélagsumræðu.

Þriðja meginverkefni stofnunarinnar er að stuðla að öflugri rannsóknum á fræðasviði sínu. Í desember 2005 náðist merkur áfangi á þeirri braut með útkomu fyrsta heftis af vef tímariti stofnunarinnar Stjórn mála og stjórnsýsla – vef tímarit. Vonir standa til að þegar fram líða stundir geti tímaritið orðið mikilvægur vettvangur fyrir fræðimenn til að birta niðurstöður rannsókna sinna, en slíkan vettvangur hefur vantað hér á landi á sviði stjórn mála og stjórnsýslu.

Með hliðsjón af góðum árangri stofnunarinnar á þeim sviðum sem hún hefur einkum beitt sér hefur orðið viss umræða í stjórn stofnunarinnar hvort hún ætti að leita fleiri verkefna á næstu árum eða einbeita sér að því að festa í sessi þann árangur sem náðst hefur. Mörg þeirra verkefna sem stofnunin hefur á sinni könnu krefjast mikillar vinnu og hætt við að sókn yfir á ný svið gæti bitnað á þeim verkefnum sem fyrir eru. Hins vegar gæti verið raunhæft að sinna á hverju ári einstökum átaksverkefnum sem tengjast þeim verkefnum sem stofnunin sinnir nú.

Dr. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor
formaður stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Inngangur

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála var sett á stofn á grundvelli samþykktar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands frá 27. maí árið 2002. Stofnunin starfar á vegum stjórnmálafræðiskorar, en heyrir undir félagsvísindadeild. Í reglum sem samþykktar voru í deildinni segir í 1. grein: "Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga og vettvangur umræðna um stjórnmál og stjórnsýslu."

Á grundvelli þessarar greinar byggir starf stofnunarinnar, þ.e. sú viðleitni að byggja stjórnsýslufræði upp sem fag- og fræðigreini í íslensku samfélagi í samstarfi við sem flesta áhuga- og hagsmunaaðila utan Háskóla Íslands. Auka þannig skilning á mikilvægi stjórnsýslufræða og nauðsyn þess, að þar komi að bæði fræðimenn úr háskólum og öðrum rannsóknastofnunum, ásamt fagfólki úr stjórnsýslunni sjálfri og eftirlitsstofnunum með henni.

Samstarfsaðilar, samstarfssamningar

Árið 2005 var þriðja starfsár stofnunarinnar. Í upphafi var leitað til Reykjavíkurborgar og Landspítala-háskólasjúkrahúss um samstarf og voru gerðir samningar til þriggja ára þar að lútandi á árinu 2002. Þeir samningar runnu út í árslok 2005, en voru endurnýjaðir til þriggja og fimm ára. Lögð er áhersla á samstarf við þessa aðila. Sér þess m.a. stað í námsskrá MPA-námsins, meistaranáms í opinberri stjórnsýslu, þar sem þróuð voru og boðin í samstarfi við þessa aðila námskeið um stjórnun og starfsumhverfi heilbrigðisstofnana og stjórnun og starfsumhverfi sveitarfélaga. Einnig hefur verið töluvert samstarf við Reykjavíkurborg, stjórnendur þar og sérfræðinga um stefnumörkun um íbúalýðræði, um kynningu á stjórnsýsluumbótum Reykjavíkurborgar á einstökum sviðum, endurmenntun fyrir starfsmenn borgarinnar, málþing og opna fundi. Með Landspítala-háskólasjúkrahúsi ofl. var unnið að fundaröð um stefnumörkun í heilbrigðismálum.

Frá upphafi hefur það verið stefna stofnunarinnar að vinna að sínum markmiðum í samstarfi við hagsmunaaðila í samfélaginu; fyrirtæki, stofnanir og samtök, innlend sem erlend, eftir því sem tilefni gefast. Þegar hefur tekist reglulegt og gott samstarf við fjölmarga aðila, svo sem Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Samband íslenskra sveitarfélaga, embætti umboðsmanns Alþingis, Ríkiskaup, Ríkisendurskoðun, forsætis-, og fjármálaráðuneyti, erlend sendiráð, auk ýmssa opinberra stofnana og ráðgjafarfyrirtækja sem vinna með opinberum aðilum, svo sem IMG-Deloitte og ParX - viðskiptaráðgjöf IBM.

Stjórn og forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála

Í stjórn stofnunarinnar hafa setið frá upphafi þau Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, formaður, Baldur Þórhallsson, dósent í stjórnmálafræði og Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, tilnefndir af stjórnmálafræðiskor, Helga Jónsdóttir sviðsstjóri stjórnsýslu- og starfsmannasviðs Reykjavíkurborgar, tilnefnd af Reykjavíkurborg, Magnús Pétursson forstjóri Landspítala-háskólasjúkrahúss, tilnefndur af LSH og Páll S. Hreinsson prófessor í lögum, sem er tilnefndur af rektor Háskóla Íslands. Forstöðumaður er Margrét S. Björnsdóttir þjóðfélagsfræðingur og MPA. Stofnunin hefur aðsetur og starfsaðstöðu í húsnæði félagsvísindadeildar í Odda, v/Sturlugötu.

Áherslur í starfi – stefna Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála leitast við að rækja hlutverk sitt, sem lýst var hér á undan með eftirfarandi hætti:

Efla framhaldsnám, hagnýt námskeið, rannsóknir og þróunarverkefni á sviði stjórnsýslufræða og stjórnmálafræði, m.a. með því að leita samstarfs við hagsmuna- og fagaðila í þjóðlífi.

Stuðla að þverfaglegri samvinnu innan Háskóla Íslands á sviði stjórnsýslu og stjórnmála og stuðla að alþjóðlegri samvinnu og samstarfsverkefnum.

Efla tengsl fræðasamfélagsins í Háskóla Íslands við forystumeann í þjóðlífi; stjórnmálamenn, embættismenn, forystumenn atvinnulífs og hagsmunasamtaka. Er það gert m.a. með sameiginlegum verkefnum, námskeiðum og ráðstefnum. Stofnunin leitast við að vera vettvangur sameiginlegra umræðna þessara aðila um opinbera stjórnun og stefnumörkun, stjórnmál, stjórnmálasögu og stjórnmálafræði.

Kynna og gefa út niðurstöður rannsókna á verksviði stofnunarinnar.

Veita stjórnmálafræðiskor þjónustu s.s. aðstoð við þróun framhaldsnáms. markaðsstarf, aðstoð við öflun styrkja til framhaldsnáms og framhaldsnema, svo og fræðslufundi og námskeið fyrir nemendur og kennara.

Helstu verkefni á árinu 2005

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu verkefni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála, en auk þeirra var unnin fjöldi smærri verkefna.

Ljóst var frá upphafi að starf stofnunarinnar myndi einkum byggja á samstarfi við kennara stjórn málafræðiskorar, samstarfsaðila um stofnunina, kennara lagadeildar á sviði stjórnsýslu, auk samstarfsaðila og bandamanna utan Háskóla Íslands. Því var mótuð sú stefna að leita í sem flestum verkefnum eftir samstarfsaðilum meðal þeirra sem eiga hagsmuna að gæta varðandi uppbyggingu fræðslu, rannsókna og þróunar íslenskrar stjórnsýslu og stjórn mála. Í því sem talið er upp hér á eftir hefur stofnunin notið fjárstuðnings fjölda stofnana, vinnuframlags einstaklinga, auk beins og óbeins stuðnings þeirra aðila sem standa að stofnuninni. Er ljóst að án þess væri þetta umtalsverða umfang starfseminnar ekki mögulegt.

1. Vefrit um stjórn mála og stjórnsýslu - Rannsóknir

Eitt verkefna Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er að stuðla að auknum rannsóknum á íslenski stjórnsýslu og stjórn máli. Kennarar og nemendur í meistara- og doktorsnámi í stjórnsýslu- og stjórn málafræðum eru þar lykilaðilar. Miklu skiptir einnig að koma þeim rannsóknum á framfæri. Í þeim tilgangi var þann 15. desember 2005 opnað vef tímarit um Stjórn mála og stjórnsýslu:

www.stjornmalogstjornsysla.is Í því er ritrýndur hluti sem gegnir hlutverki fræðitímarits í stjórn mála- og stjórnsýslufræðum, en slíkt rit hefur ekki verið til staðar hingað til.

Vefritinu Stjórn mála og stjórnsýsla er ætlað að gefa stjórn mála- og stjórnsýslufræðingum kost á að gera rannsóknir sínar aðgengilegar og auka þannig fræðilega umfjöllun. Þess er vænst að með útgáfu vef tímaritsins muni rannsóknir á þessum fræðasviðum aukast. Tímaritið verður öllum opið á netinu og í lok hvers útgáfuárs verður hægt að fá prentaða útgáfu af ritrýnda efninu fyrir þá sem þess óska.

Í tímaritinu eru eftirtaldir efnisflokkar; ritrýndar fræðigreinar, greinar almenns eðlis um stjórn mála og stjórnsýslu, bókadómar, útdrættir úr lokaritgerðum BA- og MPA-nema, auk doktorsritgerða, stjórn mála- og stjórnsýslufræðingatal, upplýsingar um opna fundi, námskeið og málþing sem á döfinni eru hverju sinni, ásamt tenglum er varða fagsvið stjórn mála og stjórnsýslufræða s.s. fræðitímarit sem aðgengileg eru á vefnum, samtök stjórn málafræðinga o.fl. Félag stjórn málafræðinga á Íslandi hefur einnig heimasvæði sitt á vefnum.

Ritstjórn

Ritrýndur hluti: Arnar Þór Másson, M.Sc. í stjórn málafræði, Gunnar Helgi Kristinnson, Ph.D. í stjórn málafræði. Almennur hluti: Margrét S. Björnsdóttir, MA í félagsfræði og MPA. Vefritstjóri: Haukur Arnþórsson, MPA og doktorsnemi við stjórn málafræðiskor H.Í. Bókadómar: Stefánía Óskarsdóttir, Ph.D. í stjórn málafræði, Birgir Hermannsson, Dr.fil. í stjórn málafræði. Ráðgefandi ritstjórn: Auðunn Arnórsson, MA í sagnfræði og stjórn málafræði og D.E.E.A í Evrópufræðum, Baldur Þórhallsson, Ph.D. í stjórn málafræð, Brynhildur Ólafsdóttir, MA í stjórn málafræði, Davíð Logi Sigurðsson, MA í írskum fræðum og – stjórn máli, Eiríkur Bergmann Einarsson, Cand.Scient. Pol. og doktorsnemi við stjórn málafræðiskor H.Í., Grétar Þór Eyþórsson, Ph.D. í stjórn mála- og stjórnsýslufræðum, Hanna Birna Kristjánsdóttir, MA í stjórn málafræði, Helga Jónsdóttir, cand. jur., Indriði H. Indriðason, Ph.D. í stjórn málafræði, Jóhann M. Hauksson, Ph.D. í stjórn málafræði, Magnús Pétursson, hagfræðingur, Ólafur Þ. Harðarson, Ph.D. í stjórn málafræði, Ólafur Þ. Stephensen, M.Sc. í alþjóðastjórn máli, Ólafur Þór Gylfason M.Sc. í aðferða- og tölfraði, Ómar H. Kristmundsson, Ph.D. í stjórnsýslufræðum, Páll Hreinsson, dr.juris, Róbert Ragnarsson, MA í stjórn málafræði, Silja Bára Ómarsdóttir, MA í alþjóðasamskiptum, Steinunn Halldórsdóttir, EMPA í stjórnsýslufræðum, Svanborg Sigmarsdóttir, MA í stjórn málafræði, Svandís Nína Jónsdóttir, M.Sc. í stjórn málafræði og doktorsnemi við stjórn málafræðiskor H.Í. og Þorsteinn Magnússon, Ph.D. í stjórn málafræði.

2. MPA-nám í opinberri stjórnsýslu

Frá upphafi hefur efling meistaranáms í opinberri stjórnsýslu verið eitt mikilvægasta verkefni stofnunarinnar í samstarfi við stjórn málafræðiskor og námsnefnd MPA-námsins. Árangur er sem fyrr mjög góður, en um tvö hundruð manns stunduðu námið á árinu 2005, flestir að vísu með starfi og því í hlutanámi. Tuttugu til tuttugu og fimm nemendur stunda námið í fjarnámi.

Hér á eftir eru taldir upp helstu verkþættir MPA-námsins sem Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála hefur komið að eða alfarið séð um á árinu 2005:

Fjarnám í opinberri stjórnsýslu: Stofnun stjórnsýslufræða hefur alfarið séð um þennan þátt í samstarfi við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands. Þróuð hefur verið aðferð við að gefa fólki úti á landi kost á að stunda diplómanám í opinberri stjórnsýslu í fjarkennslu í gegnum netið eða með staðbundnum lotum. Smám saman hefur námskeiðum verið fjölgað sem boðin eru á þessu formi og eru þau nú amk. þrjú á hverju misseri. Stunduðu námið með þeim hætti á árinu 2005 um tuttugu til tuttugu og fimm nemendur víðs vegar á landinu og nokkrir erlendis. Var viðbótarkostnaður vegna þessa fjármagnaður með styrkjum sem Stofnun stjórnsýslu- og stjórnmálafræða aflaði.

Markaðssetning – námsskrárþróun: Auk árlegrar endurskoðunar og –útgáfu á kynningarbæklingi MPA-námsins var stuðlað að fjölmiðlaumfjöllun og séð um beina markaðssetningu á náminu til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga, stjórnmálafræðinga, félaga háskólamenntaðra o.fl. Í samstarfi við námsnefnd námsins var leitað samstarfs við stofnanir um tiltekin námskeið, þ.á m. nýtt námskeið um opinber innkaup í samstarfi við Ríkiskaup og fenginn var fyrirlesari frá Danmörku til að kenna tveggja eininga námskeið um lýðræðishugmyndir og stefnugreiningu á sveitastjórnarstigi. Aflað var styrkja til þessara námskeiða, auk fjármögnunar á ferðakostnaði kennara í námskeiði um menningarstjórnun, sem fenginn var frá Svíþjóð.

Þjónusta við MPA-nemendur: Auk þjónustu skrifstofu félagsvísindadeildar er þörf fyrir margs konar þjónustu og námsráðgjöf við nemendur í opinberri stjórnsýslu, sem stofnunin hefur leitast við að sinna. Á árinu 2005 má m.a. nefna 40 klst. inngangsnámskeið fyrir nýja nemendur í stærðfræði, námstækni, ritgerðasmíð, heimildaöflun og -notkun. Voru námskeiðin að hluta í samstarfi við Háskólabókasafnið og námsráðgjöf Háskólans. Sjá einnig það sem greint er frá hér í næsta lið.

Starfsnám í Evrópulöndum og styrkjaöflun fyrir MPA-nema: Í samstarfi við háskóla í Evrópu úr samstarfsnetinu EPAN, European Public Administration Network, hafa fengist frá og með árinu 2003 alls níu þriggja mánaða Leonardo-starfsmenntastyrkir fyrir MPA-nemendur Háskóla Íslands til starfsnáms í einhverju Evrópulanda. Á árinu 2005 fór einn íslenskur MPA-nemi til Þýskalands, en hingað komu fjórir nemar til þriggja mánaða dvalar hver, tveir frá Litháen og tveir frá Póllandi. Mikið starf fylgir styrkumsóknnum, umsjón með skiptinemunum einkum þeim sem hingað koma, svo og skýrslugerð til ESB v. styrkjanna. Það starf er allt unnið af Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála.

Námskeið fyrir kennara MPA-námsins: Skipulagt var námskeið í kennslutækni og kennsluvefsnotkun fyrir kennara MPA- og alþjóðasamskiptanámsins og stjórnmálafræðiskorar, í samstarfi við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands.

3. Meistaránám í alþjóðasamskiptum

Haustið 2005 hófst nýtt meistaránám í alþjóðasamskiptum við stjórnmálafræðiskor og hófu rúmlega 60 nemendur námið. Stofnun stjórnsýslufræða tók virkan þátt í undirbúningi og kynningu þess. Eitt af áhersluatriðum í stefnu Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála er eins og áður gat, þróun meistaránáms á sviði stjórnsýslu og stjórnmála. Ekki er hægt að fjalla um opinbera stjórnsýslu án stjórnmála og staðreynd er að stjórnsýsla þjóðríkja verður æ tengdari alþjóðastofnunum, alþjóðlegum samtökum og –skuldbindingum, auk þróunar alþjóðamála almennt. Mun þetta nýja nám bjóða uppá margs konar nýja val- og sérhæfingarmöguleika fyrir þá sem stunda meistaránámið í opinberri stjórnsýslu og öfugt.

4. Erlent samstarf

Fyrir tiltölulega ungt og fámennt fræðasvið eins og opinbera stjórnsýslu er mikilvægt að fylgjast með því sem gerist á erlendum vettvangi. Frá upphafi hefur því verið lögð áhersla á að bjóða til landsins erlendum fræði- og fagmönnum á sviði opinberrar stjórnsýslu og stjórnmála. Ennfremur að skapa tengsl við norræna og evrópska skóla og samtök á sviði stjórnsýslufræða. Sér þess vel stað í lista í viðauka yfir málþing og opna fyrirlestra. En að auki er reynt að festa varanlega í sessi samstarf við háskóla og stofnanir erlendis. Hér á eftir er þriggja slíkra getið, en fleiri eru á undirbúningsstigi:

“Nordic-Baltic-Russian Ph.D. Network of Democratic Governance”

Á árinu 2005 hófst samstarf Stofnunar stjórnsýslu- og stjórnmálafræða við háskóladeildir í Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð, Rússlandi og Eyrstrarsaltslöndum um námskeiðahald og vef-stuðningsumhverfi fyrir doktorsnema og um að efla tengsl milli þeirra. Fengust norrænir styrkir til að kosta allt samstarfið þ.á.m. 3-4 námskeið árlega fyrir doktorsnema í stjórnsýslu- og stjórnmálafræðum. Hefjast þau á árinu 2006. Munu doktorsnemar og jafnvel MA-nemar í rannsóknatengdu námi stjórnmálafræðiskorar eiga kost á þátttöku sér að kostnaðarlausu, þar með talinn ferða- og uppihaldskostnað. Þetta samstarf varð til innan EPAN, European Public Administration Network, sem er samstarfsnet háskóla í Evrópu er bjóða nám í opinberri stjórnsýslu, eins og áður er getið.

Þróunarverkefni í samráði við danska fjármálaráðuneytið

Fyrir milligöngu starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins var tekið upp samband við danska fjármálaráðuneytið og leitað eftir aðgangi Stofnunar stjórnsýslufræða að þeirra útgáfu- og þróunarverkefnum á sviði opinberrar stjórnunar. Fyrsta verkefnið var að þýða og staðfæra handbók og spurningalista um stjórnunarmat. Hefur það verið gert og verður hún gefin út á árinu 2006 í samstarfi við íslenska fjármálaráðuneytið. Til landsins kom enn fremur einn þróunarstjóra danska fjármálaráðuneytisins Elisabeth Hvaas og kynnti nýsamþykktar starfsreglur um góða stjórnunarhætti, sem þróaðar hafa verið fyrir 500 æðstu stjórnendur danska ríkisins, svæða og sveitarfélaga, Kodex for god offentlig topledelse.

Evrópskir og norrænir stjórnsýsluskólar

Flest evrópsk ríki starfrækja sérstaka stjórnsýsluskóla sem bjóða grunn- og/eða endurmenntunarnám fyrir starfsmenn og stjórnendur hins opinbera. Þessir skólar eða forstöðumenn þeirra hafa með sér samtök, norræn, evrópsk og einnig alþjóðleg. Samtökin eru: the International Association of Schools and Institutes of Administration (IASIA), Directors of European Institutes and Schools of Public Administration og The Nordic Civil Servant Training Institutes Network.

Til þessa hefur starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins verið tengiliður þessara samtaka hérlendis, en hefur óskað eftir því að Stofnun stjórnsýslu- og stjórnmálafræða komi þar að ásamt ráðuneytinu. Hefur forstöðumaður sótt fund norrænu og evrópsku samtakanna og í september 2006 munu norrænu samtökin halda fund hérlendis, sem haldinn verður í Háskóla Íslands. Getsgjafi ásamt fjármálaráðuneyti verður Stofnun stjórnsýslufræða.

5. NOPSA – ráðstefna norrænna stjórnmálafræðinga

Dagana 11. – 13. ágúst, 2005 var haldin í Háskóla Íslands ráðstefna samtaka norrænna stjórnmálafræðinga NOPSA, sem rúmlega 300 fræðimenn og doktorsnemar sóttu. Stofnun stjórnsýslu- og stjórnmálafræða var framkvæmdaðili ráðstefnunnar af hálfu stjórnmálafræðiskorar, en Ólafur P. Harðarson prófessor situr í stjórn samtakanna fyrir Íslands hönd.

6. Viðurkenningar til sveitarfélaga fyrir umbótastarf

Samband íslenskra sveitarfélaga er einn þeirra aðila sem tekist hefur gott samstarf við. Eitt sameiginlegra verkefna á árinu var að stofna til viðurkenninga til sveitafélaga fyrir umbótastarf. Þann 1. apríl voru viðurkenningar veittar í fyrsta skipti og þá fyrir umbóta- og þróunarstarf í stjórnsýslu, stjórnun og rekstri, upplýsingatækni og starfsmannamálum. Viðurkenningar fengu Hafnarfjarðarkaupstaður, Akureyrarkaupstaður, Blönduósbær, Garðabær, Reykjanesbær og Vatnsleysustrandarhreppur. Á ráðstefnu sem haldin var í tengslum við þetta kom til landsins einn stjórnenda hjá Baltimore borg í Bandaríkjunum, Christopher Thomaskutty, en sú borg hlaut á árinu 2004 sérstaka viðurkenningu John F. Kennedy School of Government í Harvard háskóla fyrir árangursrík nýmæli við stjórnun borgarinnar, verkefnið City-Stat. Hélt hann fyrirlestur á ráðstefnunni og einnig fyrir nemendur í opinberri stjórnsýslu.

Í ráði er að veita viðurkenningarnar annað hvert ár á ráðstefnu um stjórnsýsluumbætur sveitarfélaga.

7. Samstarf við forsætisráðuneyti, Félag forstöðumanna og Lagastofnun H.Í. um fræðslu um stjórnsýslurétt

Í annað skipti stóð Stofnun stjórnsýslu- og stjórn málafræða að sex vikna ítarlegu námskeiði um stjórnsýslurétt í samstarfi við forsætisráðuneyti, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Lagastofnun H.Í. Kennarar voru þeir Páll Hreinsson, prófessor, Róbert Spanó, dósent, Tryggvi Gunnarsson umbodismaður Alþingis og Trausti Fannar Valsson doktorsnemi og stundakennari við lagadeild H.Í. Undirtektir voru mjög góðar, 44 sóttu námskeiðið. Sjá nánar í viðauka II.

8. Opnir fyrirlestrar og málþing

Eitt verkefna stofnunarinnar hefur frá upphafi verið að skapa umræðu- og fræðsluvettvang fyrir fag- og áhugafólk um stjórnsýslu og stjórn mála. Sem fyrr var haldinn í þeim tilgangi fjöldi opinna fyrirlestra og málþinga um efni er lúta að stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri, ný lýðræðisform og þróun lýðræðis, alþjóðleg stjórn mála og þjóðfélagsþróun, fjölþjóðlegar stofnanir og lagaramma opinberrar starfsemi. Margir erlendir fyrirlesarar tók þátt, auk innlendra fag- og fræðimanna. Á árinu 2005 voru haldin 16 málþing og opnir fyrirlestrar. Aðsókn var oftast góð og má áætla að um 1500 manns hafi sótt einhvern þessara viðburða. Sjá yfirlit í viðauka I.

9. Endurmenntun fyrir opinbera starfsmenn ríkis og sveitarfélaga

Skipulögð voru í samstarfi við Endurmenntunarsstofnun og Lagastofnun Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg, Ríkiskaup, forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og Félag forstöðumanna ríkisstofnana, IMG-Deloitte, Samband sveitarfélaga o.fl. sjö endurmenntunarnámskeið á vor- og haustmisseri 2005. Þátttakendur voru hátt í 200 talsins. Námskeiðin fjölluðu annars vegar um mikilvæga þætti og nýmæli í stjórnun opinberra stofnana, en hins vegar um laga- og reglugerðaramma opinberrar starfsemi, bæði íslensk lög og Evróputilskipanir. Sjá nánar viðauka II.

10. Verkefni fyrir stjórn málafræðiskor

Eitt verkefna stofnunarinnar er að vinna eftir föngum ýmis þjónustuverkefni fyrir stjórn málafræðiskor, auk verkefna sem tengjast meistaranámi skólarinnar. Aðalþungi þeirra tengist meistaranáminu, þróun þess, kynningu, námsráðgjöf og styrkjaöflun o.fl. til náms í opinberri stjórnsýslu, eins og fram kemur hér að framan.

Meðal annarra verkefna má nefna kynningu á BA-námi í stjórn málafræði, en vorið 2005 voru skipulagðar heimsóknir í framhaldsskóla, þar sem BA-nemendur kynntu stúdentsárgöngum BA-nám í stjórn málafræði. Forstöðumaður sat í kynningarnefnd ráðstefnu um rannsóknir í félagsvísindum sem starfaði í september og október. Sá hann um alla kynningu til samtaka þeirra sem útskrifast hafa úr félagsvísindadeild, auk þess til stofnana þar sem þeir eru líklegir til að starfa og/eða stofnana sem fást við efni sem tengjast rannsóknasviðum deildarinnar.

11. Fjármögnun á starfsemi Stofnunar stjórn málafræða og stjórn mála

Föst framlög samstarfsaðila stofnunarinnar eru árlega 3.8 milljónir króna, auk starfsaðstöðu og almennrar umsýslu í Háskóla Íslands. Til viðbótar þarf að afla a.m.k. um 4.5 milljóna til rekstrarins, auk fjármögnunar allra verkefna. Tókst það á árinu 2005 og er reksturinn í góðu jafnvægi.

Viðauki I. Yfirlit yfir opna fyrirlestra og málþing ársins 2005

Sem fyrr var haldinn nokkur fjöldi opinna fyrirlestra og málþinga í samstarfi við ráðuneyti, sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og samtök. Margir erlendir fyrirlesarar tóku þátt, auk innlendra fag- og fræðimanna.

Opin málþing/ fyrirlestrar á árinu 2005 voru alls 16 og gestir um 1500. Þau eru hér flokkuð eftir eftirtöldum viðfangsefnum:

Stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri

Ný lýðræðisform og þróun lýðræðis

Alþjóðleg stjórnsmál og þjóðfélagsþróun. Fjölbjóðlegar stofnanir

Lagarammi opinberrar starfsemi

Stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri

Arðsemi opinberrar stjórnsýslu

Málþing 9. mars kl. 8.30-11.00. Í samstarfi við fjármálaráðuneytið, Félag forstöðumanna ríkisstofnana.

Ávarp Geir Haarde fjármálaráðherra, aðrir fyrirlesarar: Berglind Ásgeirsdóttir aðstoðarframkvæmdastjóri OECD, Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi, Ingimundur Sigurpálsson formaður Samtaka atvinnulífsins og Þorkell Helgason orkumálastjóri.

Málþingsstjóri Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri.

Hið opinbera sem kaupandi; “The Government as a Smart Buyer; Strategies for High Performance in a Contracting-Out World”

Málþing, 23. maí kl. 14.00-16.00. Í samstarfi við fjármálaráðuneytið.

Aðalfyrirlesari einn fremsti fræðimaður Bandaríkjanna á sviði stjórnsýsluumbóta s.l. áratuga Donald F. Kettle prófessor í stjórnsmála- og stjórnsýslufræðum við Pensylvaníuháskóla og sérfræðingur við Brookings-stofnunina í Washington. Auk hans Arnar Þór Mátsson frá fjármálaráðuneytinu sem kynnti nýja handbók um gerð þjónustusamninga.

“The Transformation of Governance: Public Administration for the 21st Century”

Morgunverðarfundur 24. maí kl. 8.30-10.00.

Fyrirlesari Donald F. Kettle prófessor í stjórnsmála- og stjórnsýslufræðum við Pensylvaníuháskóla og sérfræðingur við Brookings-stofnunina. Bók hans “The Transformation of Governance: Public Administration for the 21st Century” kom út árið 2002 og hlaut ári síðar verðlaun The National Academy of Public Administration, sem besta bók ársins um opinbera stjórnsýslu, en Kettle hefur hlotið margháttáðar viðurkenningar fyrir rit sín og rannsóknir.

Stofnanamenning; hvernig má gera stofnanabrag opinberra stofnana sem árangursríkastan?

Fræðslufundur 27. október nk. kl. 8.30-10.30 í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana.

Fyrirlesari Mike Richardson ráðgjafi og fv. borgarstjóri í Christchurch á Nýja-Sjálandi, en borgin fékk margar viðurkenningar fyrir árangur í starfi í tíð Richardson.

Hlutverk stéttarféлага í ljósi aukins sjálfstæðis ríkisstofnana. Er þörf á endurskoðun starfsmannalaga?

Málþing 9. nóvember kl. 8.30 – 11.00 í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana.

Fyrirlesarar Ögmundur Jónasson alþingismaður og formaður BSRB Gunnar Björnsson skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu og formaður samninganefndar ríkisins, Elsa Friðfinnsdóttir varaformaður BHM, Magnús Jónsson veðurstofustjóri, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson lektor við Háskóla Íslands.

Ráðstefnustjóri Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri.

Betri stjórnendur; Góðir starfshættir stjórnenda í opinberum stofnunum

Málþing 22. nóvember kl. 8.30 – 11.00 í samstarfi við starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Félag forstöðumanna ríkisstofnana.

Ávarp Árni Mathiesen fjármálaráðherra, fyrirlesarar Elisabeth Hvaas skrifstofustjóri í danska fjármálaráðuneytinu, Magnús Pétursson forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss og Ómar H. Kristmundsson lektor við HÍ.

Ráðstefnustjóri Haukur Ingibergsson forstöðumaður Fasteignamats ríkisins.

Ný lýðræðisform og þróun lýðræðis

Lýðræðisþróun í sveitarfélögum

- nýjar leiðir, hvað geta Reykvíkingar lært af reynslu Dana?

Morgunverðarfundur 20. janúar kl. 8.30-10.00. Í samstarfi við Reykjavíkurborg; Borgin í býtið

Fyrirlesari: Peter Bogason, prófessor við Háskólann í Hróarskeldu í Danmörku og gistikennari í MPA-námi. Fundarstjóri Stefán J. Hafstein borgarfulltrúi.

Álitamál um þjóðaratkvæðagreiðslur

Hádegisfyrirlestrar 11. ágúst kl. 12.10 - 13.30. Í samstarfi við Morgunblaðið.

Fyrirlesarar norrænir og evrópskir sérfræðingar í þjóðaratkvæðagreiðslum: Maija Setälä frá Finnlandi, Palle Svensson frá Danmörku og Claes de Vreese frá Hollandi.

Fundarstjóri Ólafur Þ. Stephensen, aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins.

Lýðræði og vilji fólksins: þjóðaratkvæðagreiðslur og áhrif þeirra

Málþing 29. október kl. 11.00-14.00 haldið í samvinnu við nefnd um endurskoðun stjórnarskrár Lýðveldisins.

Aðalfyrirlesari Simon Hug er prófessor í stjórnmálafræði við Zürich háskóla, en auk hans Indriði H. Indriðason lektor í stjórnmálafræði H.Í., Svanborg Sigmarsdóttir stjórnmálafræðingur, Þorlákur Karlsson deildarforseti Háskólanum í Reykjavík, Guðmundur Heiðar Frímannsson prófessor og deildarforseti Háskólanum á Akureyri, og Ólafur Þ. Harðarson prófessor og deildarforseti H.Í. Í umræðupanel sátu síðan alþingismenn, sem allir sitja í stjórnarskrárnefndinni, Birgir Ármannsson, Jónína Bjartmarz, Guðjón A. Kristjánsson, Steingrímur. J. Sigfússon og Össur Skarphéðinsson. Umræðustjóri: Ólafur Þ. Stephensen aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins.

Fundarstjóri: Björg Thorarensen prófessor v. lagadeild Háskóla Íslands.

Lýðræði í sveitarfélögum, fjöregg eða fögur orð?

Ráðstefna 2. desember kl. 9.00-16.00 í tilefni af 60 ára afmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála.

Setning Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, ávörp forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Árni Magnússon félagsmálaráðherra, fyrirlestrar eða stutt erindi Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi, Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri Höfðahrepps, Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga á sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins, Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, Ingunn Guðmundsdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Gunnar Svavarsson, forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði, Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi, Sigríður Finsen forseti bæjarstjórnar Grundarfjarðar og Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ráðstefnustjórar: Anna G. Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar og alþjóðasviðs og Þórður Skúlason framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Alþjóðleg stjórnmal og þjóðfélagsþróun. Fjölbjóðlegar stofnanir

Hvað voru þeir að hugsa? Úrslit bresku þingkosninganna

Hádegisfyrirlestur 6. maí kl. 12.00-13.15. Í samstarfi við breska sendiráðið á Íslandi
Fyrirlesari: Dr. Torun Dewan kennari í stjórnmalafraeði við London School of Economics
Fundarstjóri: Ólafur Þ. Harðarson prófessor.

Norrænt frumkvæði til friðar

Málþing 7. júní, kl. 16.00-17.50 haldið í tilefni af 100 ára afmæli sambandsllita Noregs og Svíþjóðar. Sendiráð Noregs og Svíþjóðar í samstarfi Stjórnála og stjórnsýslu.

Ávörp sendiherrarnir Guttorm Vik og Bertil Jobeus og prófessor Eiríkur Tómasson. Fyrirlesarar Erik Solheim ráðgjafi og sáttasemjari sem starfar á vegum norska utanríkisráðuneytisins á Sri Lanka, Sten Rylander sendiherra og sáttasemjari ESB, auk þess að starfa sem sérstakur sendiherra Svíþjóðar í Afríkumálum og sem sáttasemjari á vegum ESB í Darfur, Súdan og Gunnar Snorri Gunnarsson ráðuneytisstjóri .

Fundarstjóri: Sigríður Snævarr sendiherra.

Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag; áhrif á íslenskt samfélag?

Málþing 18. október kl 12.10-13.30

Haldið í tilefni af útkomu bókarinnar Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag eftir fyrirlesarana þá Stefán Ólafsson prófessor og Kolbein Stefánsson félagsfræðing og dr.nema við Oxford háskóla í Bretlandi.

Fundarstjóri: Margrét S. Björnsdóttir forstöðumaður.

Lykilspurningar um framtíðarþróun ESB

Hádegisfundur 21. október kl. 12.05 - 13.15 í samstarfi við Heimssýn.

Fyrirlesari: Jonas Sjöstedt sem hefur setið á Evrópuþinginu frá 1995 fyrir sænska Vinstriflokkinn.

Fundarstjóri: Ragnar Arnalds fv. alþingismaður.

Lagarammi opinberrar starfsemi

Nýjar tilskipanir Evrópusambandsins um opinber innkaup, breytingar í lagaumhverfi opinberra innkaupa

Ráðstefna 28. apríl 9.00 – 16.00 í samstarfi við Ríkiskaup og fjármálaráðuneyti

Aðalfyrirlesari Sue Arrowsmith prófessor við háskólann í Nottingham. Auk hennar Steen Treumer, Ph D, deildarforseti lagadeildar og aðstoðar-prófessor við Copenhagen Business School, Skúli Magnússon héraðsdómari og Othar Örn Petersen hrl., LOGOS.

Fundarstjóri: Þórhallur Arason skrifstofustjóri fjármálaráðuneyti.

Hvenær gilda stjórnsýslulög? Hvaða ákvarðanir eru stjórnvaldsákvarðanir?

Málþing 11. nóvember kl. 15.00-17.00, haldið á vegum Íslandsdeildar Norræna stjórnsýslusambandsins (NAF) í samstarfi við forsætisráðuneytið og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnála.

Fyrirlesarar: Dr. Páll Hreinsson prófessor og Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis.

Fundarstjóri: Gunnlaugur Claessen varaforseti Hæstaréttar.

Viðauki II. Yfirlit yfir endurmenntunarnámskeið ársins 2005

Sem fyrr voru haldin endurmenntunarnámskeið í samstarfi við ráðuneyti, sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir og samtök. Haldin voru sjö lengri og styttri námskeið í samstarfi við Endurmenntun Háskólans, fjármála- og forættisráðuneyti, Lagastofnun H.Í., IMG – Gallup og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Hátt í tvö hundruð manns sóttu námskeiðin.

Stefnumiðað árangursmat í opinberum rekstri

Í samstarfi við Endurmenntun H.Í. 13. janúar og 14. janúar 8.30-12.30

Fyrirlesarar: Arnar Þór Mátsson fjármálaráðuneyti og Kristín Kalmannsdóttir viðskiptafræðingur.

Þátttakendur voru 20.

Stjórnsýsluleglur við meðferð mála hjá sveitarfélögum

Í samstarfi við Endurmenntun H.Í. og Samband íslenskra sveitarfélaga. 20. janúar kl. 13:00-

17:00 og 21. janúar kl. 9:00-17:00

Fyrirlesarar: Ásmundur Helgason lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis, Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður Akureyri, Róbert R. Spanó dósent við lagadeild HÍ, Sigurður Óli Kolbeinsson og Trausti Fannar Valsson lögfræðingar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis.

Þátttakendur voru 15.

Forystuhlutverk stjórnenda í opinberum rekstri

Í samstarfi við Endurmenntun H.Í. Fim. 20. og fös. 21. jan. kl. 8:30-12:30.

Aðalfyrirlesari Svafa Grönfeldt lektor við viðskipta- og hagfræðideild HÍ og framkvæmdastjóri stjórnunarviðs Actavis Group hf. Auk hennar Margrét S. Björnsdóttir forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála og stundakennari í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu við H.Í.

Þátttakendur voru 25.

Stjórnendapjálfun fyrir forstöðumenn ríkisstofnana.

Samkvæmt samstarfssamningi við fjármálaráðuneyti, Félag forstöðumanna og IMG-Gallup.

Í september 2004 undirrituðu fulltrúar fjármálaráðuneytis, Félags forstöðumanna ríkisstofnana, IMG og Stofnunar stjórnsýslufræða samstarfssamning til tveggja ára um fræðslu og þjálfun forstöðumanna ríkisins. Fyrsti hópur forstöðumanna hóf námið í október og lauk því í mars 2005. Á árinu 2005 voru haldin námskeið fyrir tvo viðbótarhópa. Samtals sóttu um 50 manns námið.

Stjórnsýsluréttur fyrir starfsmenn ríkisins

Haldið í samstarfi við forsætisráðuneyti, Félag forstöðumanna og Lagastofnun H.Í. 11. október - 17. nóvember. Kennt í alls 36 klukkustundir, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13.15 -16.00.

Fyrirlesarar: Páll Hreinsson prófessor, Róbert Spanó dósent, Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis og Trausti Fannar Valsson dr. nemi og stundakennari við lagadeild.

Þátttakendur voru 44

Hvernig næst afburða árangur í stjórnun sveitarfélags?

Námskeið f. stjórnendur Reykjanesbæjar 19. október kl. 9.00-17.00

Kennari: Mike Richardson ráðgjafi frá Nýja Sjálandi. Hann var framkvæmdastjóri borgarinnar Christchurch á Nýja Sjálandi á árunum 1992-2002.

Þátttakendur voru 30.

Hvernig næst afburða árangur í stjórnun hjá opinberum aðilum?

(Keys to excellence in public sector management)

Í samstarfi við Endurmenntun H.Í.

17. og 18. október kl. 8.30-17.00

Kennari: Mike Richardson ráðgjafi frá Nýja Sjálandi.

Þátttakendur voru 25.